

Læsisstefna Giljaskóla

Skólaárið 2017-2018

Innihald

1.	Læsisstefna Giljaskóla.....	3
2.	Læsi.....	4
2.1.	Lestrarkennsluaðferðir – 1. bekkur.....	4
2.1.1	Hljóðaaðferðin	4
2.1.2	Hlutbundin verkefni á námsstöðvum	4
2.1.3	PALS (Peer assistand learning strategies/PALS) - Félagalestur.....	4
2.1.4	Byrjendalæsi	4
2.1.5	Ritun	4
2.1.6	Samlestur og hugtakaskilningur	4
2.1.7	Skapandi vinna.....	5
2.2	Læsiþjálfun í skólanum	5
2.2.2	Lestrarsprettur	5
2.2.3	Framsögn	5
2.2.3.1	Litla upplestararkeppnin í 4. bekk	5
2.2.3.2	Stóra upplestararkeppnin í 7. bekk.....	5
2.2.3.3	Giljaskólaleiðin- málþing.....	6
2.2.4	Ritun.....	6
2.2.4.1	Giljaskólaleiðin- ritun.....	6
2.2.4.2	Stuttmyndadagar.....	6
1.3	Lestrarþjálfun heima	7
1.3.1	Skráning á heimalestri	7
1.3.2	Verklagsreglur ef lestrarþjálfun heima er ekki sinnt	7
2.	Hraðlestrarpróf.....	9
2.1	Viðmið vegna atkvæðafjölda í lestri á hraðaprófi (mat á lesfimi)	9
3.	Skimunaráætlun	10
3.1	Matstæki- skimanir og próf:	11
3.1.1	Leið til læsis	11
3.1.2	Orðarún	11
3.1.1	Læsi.....	11
3.1.2	LOGOS.....	12
3.1.3	Talnalykill.....	12
3.1.4	GRP -14	12
3.1.5	Samræmd könnunarpróf	12

3.1.6. Lesferill.....	12
4. Einstaklingsáætlun.....	13
4.1 Nemendur sem fá einstaklingsáætlun í lestri.....	13
4.1.1 Aðgerðaráætlun Giljaskóla	13
5. Birting á niðurstöðum lesfimiþrófa	14

1. Læsisstefna Giljaskóla

Haustið 2015 hóf mennta- og menningarmálaráðuneytið vinnu við þjóðarsáttmála um læsi með það að markmiði að öll börn geti við lok grunnskóla lesið sér til gagns. Ein af sex grunnstoðum menntunar samkvæmt aðalnámskrá er læsi. Er það til marks um mikilvægi læsis í öllu skólstarfi.

Á undanförunum árum hefur orðið mikil breyting á þeim kröfum sem samfélagið gerir til lestarfærni. Það felst einkum í því að sá texti sem fyrir augu ber er mun fjölbreytilegri en áður og birtist ekki einungis á pappír heldur einnig á rafrænu formi og þá oft samsettur úr rituðum texta, mynd, táknmynd, látbragði, hljóði og hreyfimynd.

Góð lestarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar.

Lestækni og lesfimi eru lykillinn og er mikilvægt að greina vandamál sem snerta þessa þætti og bregðast skjótt og markvisst við lestrarerfiðleikum sem geta hamlað nemendum í námi og grípa inní sem allra fyrst hjá þeim sem eiga í vanda.

Þáttur heimilanna er mjög mikilvægur ekki síst til að vekja og efla áhuga á lestri með ýmsum ráðum og vera þannig fyrirmynd barna sinna. Foreldrar og kennarar þurfa að vinna saman ef árangur á að nást. Móðurmálskennarar eru í fararbroddi en aðrir kennarar þurfa einnig að sinna læsi í sinni grein og þeir sem sinna læsi í kennaramenntun þurfa einnig að vinna með.

Kennarasamfélagið í hverjum skóla þarf að móta læsisstefnu og koma henni í framkvæmd. Það hefur verið gert í Giljaskóla og verið unnið samkvæmt henni að nokkru leyti jafnóðum og hún hefur orðið til. Við lítum á læsisstefnu skólans sem lifandi og mun hún taka breytingum jafnóðum og nýir þættir bætast við og aðrir endurnýjast.

Grunnskólarnir á Akureyri hafa í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar Háskólans unnið að mótun læsisstefnu Eyjafjarðar, sem flestir skólar á Eyjafjarðarsvæðinu tóku þátt í og vann Giljaskóli að þætti um ritun ásamt Naustaskóla. Ný heimasíða var tekin í notkun á haustmánuðum og þar er til birtingar ýmislegt sem kom út úr þeirri samvinnu. Slóðin er lykillinn@akmennt.is. Skólinn er í vinnu við innleiðingu á læsisstefnunni í samvinnu við Miðstöð skólaþróunar háskólans á Akureyri.

2. Læsi

2.1. Lestrarkennsluaðferðir – 1. bekkur

2.1.1 Hljóðaaðferðin

Hljóðaaðferðin er sú aðferð þar sem nemendum eru kenndir íslenskir bókstafir, hljóð þeirra og tákn. Aðferðin grundvallast á því að nemendur skilji að bókstafirnir tákna hljóð orðanna í talmálinu, að hvert hljóð á sér tákn sem hægt er að skrifa, raða saman og mynda orð.

2.1.2 Hlutbundin verkefni á námsstöðvum

Notaðar eru námsstöðvar með fjölbreyttum lestarverkefnum og mikið er lagt upp úr því að nota hlutbundin verkefni eins og staka stafi, spil, myndir, leir, kubba og orð. Þessi verkefni auka jafnan á virkni nemenda því þeir líta á verkefnið sem leik, sem gerir námið bæði skemmtilegra og eftirsóknarverðara. Vinnubrögð og reglur eru mjög markvisst þjálfuð áður en nemendum er ætlað að vinna sjálfstætt á stöðvum.

2.1.3 PALS (Peer assistand learning strategies/PALS) - Félagalestur

PALS er afar vel rannsökuð og árangursrík kennsluaðferð til að þjálfra lesfimi og lesskilningsaðferðir í blönduðum bekkjardeildum (McMaster, Fuchs og Fuchs, 2006; Maheady og Harper, 2003). PALS hefur verið þýtt Þör Að Læra Saman. Í fyrsta bekk er hópur nemenda þjálfður samtímis í stafabekkingu, hljóðaleikjum og umskráningarverkefnum. Hljóðaleikurinn stuðlar að þjálfun hljóðavitundar. Markmið umskráningarverkefnanna er að styrkja umskráningu og orðabekkingu. Öll börnin skiptast á að vera þjálfarar og lesarar.

2.1.4 Byrjendalæsi

Byrjendalæsi felur í sér nálgun með gæðatexta sem nær til allra þátta móðurmálsins þannig að tal, hlustun og ritun er felld saman í eina heild. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttiritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið. Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Það gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið og því er lögð áhersla á hópavinnu um leið og einstaklingþörfum er mætt.

2.1.5 Ritun

Mikil áhersla er lögð á ritun og er nemendum gefið færi á að skrifa sig inn í lesturinn. Þeir skrifa allt frá fyrsta degi og hvert með sínu lagi, sum með „leyniletri“ sem gjarnan eru tákn sem líkjast bókstöfum og aðrir sem lengra eru komnir skrifa stafi, orð eða setningar. Til að byrja með er grunnur að rituninni mynd sem börnin teikna sjálf.

2.1.6 Samlestur og hugtakaskilningur

Kennari skrifar sameiginlega sögu með börnunum og leggur um leið inn grunn að stafagerð og kennir ýmis hugtök tengd lestri og ritun eins og stafur, hljóð, orð, setning og fl.

2.1.7 Skapandi vinna

Mikil tenging er við allskyns þemu og skapandi starf er í hávegum haft sem samþættir lestrarnámið við aðrar námsgreinar.

2.2 Læsisþjálfun í skólanum

Allir nemendur í skólanum lesa alla daga vikunnar, ýmist er það yndislestur, paralestur, samlestur eða upplestur. Í 1.-7. bekk hlustar kennari eða annar starfsmaður skólans á nemendur 1x á dag sem ekki hafa náð lestrarviðmiðum MSHA sem skólinn notaði skólaárið 2015-2016.

2.2.2 Lestrarsprettur

Meginmarkmið með lestrarspretti er að auka áhuga nemenda á lestri og bókmenntum almennt. Lestrarsprettur er einnig liður í því að auka bæði lesskilning og lesfimi.

1.-7. bekkur: Þrjú lestrarsprettir. Einn á haustönninni og tveir á vorönninni.

8. -10. bekkur: Ekki búið að ákveða fyrirkomulag enn.

Lestrarsprettir geta farið fram á mismunandi vegu, allt frá því að skrá niður mínútur sem varið er í lestur, blaðsíðufjölda sem er lesinn yfir í fjölda bóka sem eru lesnar. Útfærslan getur því að sama skapi verið mismunandi en lang oftast er afrakstur lestrarsprets settur fram á myndrænan hátt. Til dæmis þá hafa nemendur unnið súlurit, skráð lesturinn á laufblauð sem mynda krónu á tré o.s.frv.

Lestrarsprettir á landsvísu eru tiltölulega nýir á nálinni en þeir gefa nemendum tækifæri á að vera hluti af stærri lestrarspretti sem getur verið spennandi. Dæmi um lestraspretti á landsvísu eru Ævar vísindamaður og Allir lesa- landsleikur í lestri.

2.2.3 Framsögn

Sérstök áhersla er á framsagnarlestur í 4., 7., 8., 9. og 10. bekk.

2.2.3.1 Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk

Nemendur í 4. bekk taka þátt í Litlu upplestrarkeppninni. Formlega hefst Litla upplestrarkeppnin á Degi íslenskrar tungu eða þann 16. nóvember og lýkur í apríl með hátíð í skólanum þar sem foreldrum er boðið að koma og hlusta á nemendur. Markmið Litlu upplestrarkeppninnar eru að flytja móðurmálið sjálfum sér og öðrum til ánægju og hafa vandvirkni og virðingu að leiðarljósi.

2.2.3.2 Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk

Ár hvert taka nemendur í 7. bekk þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Líkt og Litla upplestrarkeppnin þá hefst hún formlega á Degi íslenskrar tungu. Allir nemendur í 7. bekk taka þátt í að æfa vandaðan upplestur og framburð, sjálfum sér og öðrum til ánægju. En formlega lýkur Stóru upplestrarkeppninni í mars með keppni milli skóla og eru valdir fulltrúar frá skólanum til þess að taka þátt.

2.2.3.3 Giljaskólaleiðin- málþing

Giljaskólaleiðin leggur mikla áherslu á framsögn hjá nemendum í 8. – 10. bekk. Í hverjum árgangi eru a.m.k. tvö stór verkefni lögð fyrir ár hvert, haust- og vormálþing, og eru þau orðin fastur liður í íslenskukennslunni. Þar fyrir utan eru hinar ýmsu æfingar í töluðu máli, hlustun og áhorfi svo sem bekkjarfundir, mælsku- og rökræðukeppnir innan bekkja og einstaka upplestur við sérstök tækifæri. Undanfarin ár höfum við reynt að byggja upp ákveðinn stíganda í námi nemenda okkar í framsögn. Við höfum ávallt í huga að nemendur í 8. bekk eru upp til hópa óvanir vinnubrögðum sem viðhöfð eru í tengslum við málþing. Því förum við rólega af stað en aukum kröfurnar jafnt og þétt eftir því nemendur verða eldri. Umfang málþinganna er þannig misjafnt. Málþing 8. bekkjar bera yfirskriftina „Áhugamál í Giljahverfi“ og „Litið um öxl.“ Málþing 9. bekkjar ganga undir nafninu „Í Giljaskóla ríkir jafnrétti“ og „Hvað er mikilvægast að nemendur hafi í farteskinu eftir grunnskóla?“ Í 10. bekk standa nemendur fyrir málþingunum „Er Ísland græðgissamfélag?“ og „Unglingavandamál – Hver er vandinn? Hvað er til ráða?“ Haustmálþingin fara fram í október og nóvember. Vormálþing eru á dagskrá í mars og apríl. Gestir á haustmálþingum, sem fara fram í kennslustofu, eru nemendur í bekknum auk kennara. Á vormálþingum, en þau fara fram á sal, eru gestir nemendur í árgangnum auk kennara og í einhverjum tilfellum skólastjórnendur og/eða foreldrar.

2.2.4 Ritun

Sérstök áhersla er lögð á ritun í 8. 9. og 10. bekk.

2.2.4.1 Giljaskólaleiðin- ritun

Ein af meginstoðum Giljaskólaleiðarinnar er ritun. Farið er fram á skil á handskrifuðum textum sem og textum unnum í tölvu. Dagbókin hefur fest sig í sessi þar sem nemendur handskrifa að jafnaði eina færslu á viku allt skólaárið. Ætlast er til að nemendur skili ákveðnum orðafjölda og farið er fram á vönduð vinnubrögð. Oftar en ekki er um frjálsa ritun að ræða en í vissum tilfellum ákveður kennari efnistöð. Í dagbók er áhersla lögð á skapandi skrif og að þau séu regluleg og sem oftast. Reynt er eftir fremsta megni að gera dagbókina að eftirsóknarverðum þætti í náminu þar sem nemendur geta skráð hugleiðingar sínar, vonir og væntingar, sorgir og sigra. Þeir eru hvattir til að föndra við bókina sína, teikna myndir og lita, gera hana persónulega. Greinaskrif eru orðin mikilvægur hluti af námi barnanna. Tvö ítarleg ritunarverkefni eru unnin hið minnsta á hverju skólaári á unglingsstigi í Giljaskóla. Eitt á hvorri önn. Í 8. bekk fjalla nemendur annars vegar um hverfið og hins vegar skólann. Í 9. bekk er viðfangsefnið heimabyggð og skólinn. Að hausti taka nemendur í 10. bekk fyrir málefni líðandi stundar og þá er þjóðfélagið í heild undir. Að vori horfa þeir til baka og setja hugleiðingar sínar um skólagönguna á prent. Greinarnar eru allar birtar opinberlega auk þess sem vel valdar greinar hafa verið birtar í víðlesnum fréttamiðlum.

2.2.4.2 Stuttmyndadagar

Þemadagar á vorönn í unglingsdeild eru svokallaðir stuttmyndadagar. Nemendur semja handrit og fylgja því eftir í gerð stuttmynda. Auk þjálfunar í handritsgerð þá stuðlar verkefnið að samvinnu og því ferli að fylgja hugmynd eftir í að vera fullbúið verk.

1.3 Lestrarþjálfun heima

Þjálfun í læsi er samstarf milli heimilis og skóla. Það er mikilvægt að nemandi fái tækifæri til þess að auka leshraða sinn og lesskilning. Með aðstoð fullorðins einstaklings heima er auk þess hægt að efla orðaforða og auka málskilning.

1.- 4. bekkur:

Nemendur lesa upphátt í a.m.k. 15 mínútur á dag a.m.k. fimm daga vikunnar fyrir foreldri eða fullorðinn einstakling og kvittar viðkomandi fyrir lesturinn (fjöldi mínútna) í þar til gert kvittunarhefti. Gerð er krafa um 15-20 mínútna lestur heima, að lámarki 5 skipti í viku. Tilhögun heimalesturs er einstaklingsmiðuð.

5. -7. bekkur:

Nemendur lesa í a.m.k. 15 mínútur á dag a.m.k. fimm daga vikunnar. Foreldri eða fullorðinn einstaklingur kvittar fyrir lesturinn í þar til gert kvittunarhefti. Í 5.-7. bekk er tilhögun heimalesturs einstaklingsmiðuð og því lesa nemendur ýmist upphátt fyrir foreldri/fullorðinn eða í hljóði. Þegar nemandi hefur náð viðmiðum í raddlestri er heimalestur hljóðlestur en þeir nemendur sem þurfa á frekari þjálfun í lesfimi lesa upphátt fyrir foreldri eða fullorðinn. Nemendur sem lesa í hljóði eiga að lesa af og til 1 blaðsíðu upphátt fyrir foreldri/fullorðinn einstakling heima. Tilhögun heimalesturs er einstaklingsmiðuð.

8.-10. bekkur:

Nemendur lesa heima í námsbókum í ýmsum greinum. Læsissteymi skólans 2015-2016 ákvað að heimalestur í kjörbók hjá unglingastiginu vaxi með nemendum. Í 8. bekk kvitta foreldri/forráðamann í hefti fyrir heimalestur hjá þeim nemendum sem ekki hafa náð viðmiðum í raddlestri en þeir nemendur sem eru farnir að lesa í hljóði kvitta sjálfir fyrir heimalestur.

1.3.1 Skráning á heimalestri

Skráning á heimalestri er mikilvægur þáttur í samstarfi milli heimilis og skóla í því að efla læsi nemenda. Með markvissri skráningu á heimalestri sýnum nemendum fram á hversu mikilvægt það er að ná góðum tókum á lestri, eins veitir skráningin okkur yfirsýn yfir ástundun þeirra í lestri. Foreldrar eða annar fullorðinn einstaklingur kvittar fyrir heimalestur í þar til gert kvittunarhefti fyrir nemendur í 1.-7. bekk. Í 1.-4. bekk eiga nemendur að lesa upphátt. Í 5.-7. bekk er tilhögun heimalesturs einstaklingsmiðuð og því lesa nemendur ýmist upphátt fyrir foreldri/fullorðinn eða í hljóði. Þegar nemandi hefur náð viðmiðum í raddlestri er heimalestur hljóðlestur en þeir nemendur sem þurfa að frekari þjálfun í lesfimi lesa upphátt fyrir foreldri eða fullorðinn.

1.3.2 Verklagsreglur ef lestrarþjálfun heima er ekki sinnt

Verklagsreglur varðandi heimalestur nemenda í 1.-5. bekk

Ef ekki er kvittað fyrir heimalestri:

1. Umsjónarkennari sendir tölvupóst til foreldra/forráðmanna þegar ekki hefur verið kvittað fyrir heimalestur fimm sinnum í viku tvisvar sinnum. Umsjónarkennari fylgir því eftir í 3. og 4. skipti ef ekki hefur verið kvittað fyrir heimalestur fimm sinnum í viku.
2. Athugasemd skráð í Námfús ef tölvupóstar hafa ekki borið árangur.
3. Umsjónarkennari hringir *þarnæst* heim.
4. Foreldrar/forráðamenn boðaðir á fund með umsjónarkennara og skólastjórnendum ef ofangreindar aðgerðir bera ekki árangur.

Ef til fundar kemur þá eru niðurstöður fundarins ritaðar niður og foreldrar/forráðamenn og skólastjórnandi sem kvitta undir.

5. Sent til nemendaverndarráðs ef ofangreindar aðgerðir bera ekki árangur.

Drög að verklagsreglum varðandi heimalestur nemenda í 6.-10. bekk

Ef ekki er kvittað fyrir heimalestri:

1. Kennari skoðar kvittunarhefti vikulega og sendir tölvupóst til foreldra/forráðmanna sé heimalestri ekki sinnt sem skyldi. Unglingastig eftir að ákveða nánara fyrirkomulag.
2. Athugasemd skráð í Námfús ef tölvupóstur hefur ekki borið árangur.
3. Kennari hringir heim.
4. Foreldrar/forráðamenn boðaðir á fund með umsjónarkennara og skólastjórnendum ef ofangreindar aðgerðir bera ekki árangur.

Ef til fundar kemur þá eru niðurstöður fundarins ritaðar niður og foreldrar/forráðamenn og skólastjórnandi sem kvitta undir.

5. Sent til nemendaverndarráðs ef ofangreindar aðgerðir bera ekki árangur.

Verklagsreglurnar skiptast í þrjú tímabil. Fyrsta tímabilið er skólabyrjun fram í október, annað tímabilið er frá október til febrúar og þriðja og síðasta tímabilið er febrúar að skólalokum.

2. Hraðlestrarpróf

Lesfimi er metin með hraðlestrarprófum. Niðurstöður prófanna eru gefnar í fjölda lesinna atkvæða á mínútu eða orð á mínútu. Hraðlestrarpróf eru lögð fyrir nemendur í 2.- 10. bekk þrisvar sinnum yfir skólaárið (okt., jan og maí) og fyrir 1. bekk í janúar og maí. Niðurstöður hraðlestrarprófa eru birtar í verkefnabók í Námfús (atkv./orð á mín.) Viðmiðin eru komin frá nýrri Skólagátt Menntamálastofnunar.

2.1 Viðmið vegna atkvæðafjölda í lestri á hraðaprófi (mat á lesfimi)

Viðmið eru um árangur að vori. Viðmið eru mæld í orðum á mínútu.

<u>Bekkur</u>	Raddlestur /atkv. á mín. eða orð á mín.	Hljóðlestur/atkv. á mín. eða orð á mín.
1.	20 -75 orð /mín.	
2.	40 - 100 orð/mín.	
3.	55 – 120 orð /mín.	
4.	80 – 145 orð/mín.	
5.	90 – 160 orð/mín.	
6.	108 – 175 orð/mín.	
7.	120 – 190 orð/mín.	
8.	130 – 210 orð/mín.	
9.	140 – 210 orð /mín.	
10.	145 – 210 orð/mín.	

3. Skimunaráætlun

Í skólanum eru ákveðnar skimanir lagðar fyrir. Sé þörf á frekari greiningu er hún gerð innan skólans eða vísað til fræðsluviðs Akureyrarbæjar. Sérkennarar sjá um að skimunaráætlun sé fylgt. Skimunaráætlun skólans er eftirfarandi:

1. bekkur		
Skimun	Hverjir leggja fyrir	Hvenær
Stafakannanir	umsjónarkennarar	eftir þörfum
Lesferill-lesskimun	leyfishafar/sérkennari	október
Lesferill-lesfimi	Umsjónarkennarar/sérkennari	(sept)/jan/maí
Lesferill-nefnuhraði	Sérkennari	september
2. bekkur		
Skimun	Hverjir leggja fyrir	Hvenær
Lesmál	umsjónarkennarar	apríl
Lesferill-lesfimi	Umsjónarkennarar/sérkennari	sept/jan/maí
Lesferill-sjónrænn orðaforði	Umsjónarkennarar/sérkennari	sept/jan/maí
Lesferill-orðleysur	Umsjónarkennarar/sérkennari	sept/jan/maí
3. bekkur		
Skimun	Hverjir leggja fyrir	Hvenær
Lesferill-lesfimi	Umsjónarkennarar/sérkennari	sept/jan/maí
Lesferill-sjónrænn orðaforði	Umsjónarkennarar/sérkennari	sept/jan/maí
Lesferill-orðleysur	Umsjónarkennarar/sérkennari	sept/jan/maí
Talnalykill	þeir sem hafa leyfi	nóvember
LOGOS, skimun 4 þættir	sérkennarar	jan/feb
Orðarún	umsjónarkennarar	okt/feb
4. bekkur		
Skimun	Hverjir leggja fyrir	Hvenær
Lesferill-lesfimi	Umsjónarkennarar/sérkennari	sept/jan/maí
Orðarún	umsjónarkennarar	okt/feb
Samræmd könnunarpróf í ísl. og stæ.	skólastjórn/umsjónarkennarar	september
5. bekkur		
Skimun	Hverjir leggja fyrir	Hvenær
Lesferill-lesfimi	umsjónarkennarar/sérkennarar	sept/jan/maí
Orðarún	umsjónarkennarar	okt/feb
6. bekkur		
Skimun	Hverjir leggja fyrir	Hvenær
Lesferill-lesfimi	umsjónarkennarar	sept/jan/maí
LOGOS, skimun 4 þættir	sérkennarar	október
Talnalykill	þeir sem hafa leyfi	nóvember
Orðarún	umsjónarkennarar	okt/feb
7. bekkur		
Skimun	Hverjir leggja fyrir	Hvenær
Lesferill-lesfimi	umsjónarkennarar	sept/jan/maí
Samræmt könnunarpróf í ísl. og stæ.	skólastjórn /umsjónarkennarar	september
Orðarún	umsjónarkennarar	okt/feb

8. bekkur		
Skimun	Hverjir leggja fyrir	Hvenær
Lesferill-lesfimi	umsjónarkennarar	sept/jan/maí
Orðarún	umsjónarkennarar	okt/feb
9. bekkur		
Skimun	Hverjir leggja fyrir	Hvenær
Lesferill-lesfimi	umsjónarkennarar	sept/jan/maí
GRP-14	sérkennarar	nóvember
Samræmd próf ísl./stæ./ens.	stjórnendur/umsjónarkennarar	mars
10. bekkur		
Skimun	Hverjir leggja fyrir	Hvenær
Lesferill-lesfimi	umsjónarkennarar	sept/jan/maí

Tengslakannanir eru lagðar fyrir alla árganga tvisvar á ári, í október og janúar. Þeim er ætlað að kanna samskipti og líðan nemenda.

Þeir nemendur sem grunur leikur á að séu með dyslexiu eru prófaðir í LOGOS lesprófi af sérkennara. Þeir sem koma illa út í skimun úr Talnalykli fara áfram í stærðfræðigreiningu.

Í samantekt/námskrá um stoðþjónustu skólans má sjá áherslur í sérkennslu.

3.1 Matstæki- skimanir og próf:

3.1.1 Leið til læsis

Í október er prófið Leið til læsis lagt fyrir nemendur í 1. bekk. Prófið skimar lestarfærni og sérkennari leggur prófið fyrir. Markmið með skimuninni er tvíþætt: Að finna þá nemendur sem eiga mögulega við lestrarörðugleika að stríða seinna meir og hins vegar til aðstoðar við kennara við að haga kennslu við hæfi hvers og eins. Prófið er staðlað og kannar málskilning og orðaforði, bókstafi og hljóðabekkingu, hljóðkerfis- og hljóðavitund.

3.1.2 Orðarún

Orðarún er staðlað lessskilningspróf og verður lagt fyrir 3. -10. bekk tvisvar á skólaárinu 2015-2016. Uppbygging á prófinu eru tveir samfelldir textar og 10 spurningar í hvorum texta. Spurningunum er skipt í orðaforða-, ályktunar- og staðreyndaspurningar við hvorn texta. Niðurstöður prófanna sýna hver árangur nemenda er í öllum tegundum spurninga.

3.1.1 Læsi

Læsi er staðlað skimunarpróf sem ætlað að athuga lestrarhæfni nemenda í 1. og 2. bekk. Markmið með prófinu er annars vegar til að finna nemendur sem kunna að vera í áhættuhópi vegna lestarerfiðleika og hins vegar að veita kennurum upplýsingar til að skipuleggja kennslu nemenda. Prófið kom út árið 2000 er þýtt úr norsku. Prófið samanstendur af fimm heftum. Þrjú eru fyrir 1. bekk, lögð fyrir í nóvember, febrúar og apríl. Tvö hefti eru fyrir 2. bekk og eru þau lögð fyrir í febrúar og apríl.

3.1.2 LOGOS

LOGOS er próf til að greina lesblindu (dyslexíu) og aðra lestrarerfiðleika. Prófið skiptist í tvo hluta. Fyrri hlutinn er ætlaður nemendum í 3. – 5. bekk og er í 17 prófþáttum og lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun. Seinni hlutinn er ætlaður nemendum í 6. – 10. bekk er í 14 prófþáttum sem greina leshraða, lesskilning, hlustunarskilning, umkóðun og aðra lestrartengda færni. LOGOS skimun er lögð fyrir nemendur í 3. og 6. bekk af sérkennurum í október (6.b.) og í febrúar (3.b.).

3.1.3 Talnalykill

Talnalykill er staðlað kunnáttupróf í stærðfræði og er lagt fyrir nemendur í 3. og 6. bekk. Prófið er notað bæði við mat á færni hjá einstökum nemendum og við skimun stærðfræðierfiðleika.

3.1.4 GRP -14

GRP 14 er staðlað skimunarpróf sem er lagt fyrir nemendur í 9. bekk. Prófið tekur á umskráningarfærni, stafsetningu, hljóðlestrarhraða og lesskilning. Slök umskráningarfærni er megin einkenni dyslexíu/lesblindu og því getur GRP 14 gefið vísbendingar um dyslexíu/lesblindu.

3.1.5 Samræmd könnunarpróf

Samræmd könnunarpróf eru lögð fyrir nemendur í 4., 7. og 10. bekk. Prófin verða lögð fyrir 4. og 7. bekk í september en fyrir 9. og 10. bekk að vori 2017. Niðurstöður prófanna eru nýttar til þess að vinna námsáætlanir fyrir nemendur. Samræmd próf gefa vísbendingar um námslega stöðu nemenda.

3.1.6. Lesferill.

Lesferill er heiti á nýju matstæki sem unnið hefur verið af læsisteymi Menntamálastofnunar í samstarfi við aðra sérfræðinga stofnunarinnar. Lesferli er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Ætlunin er að *Lesferill* spanni frá þriggja til 16 ára aldurs. Hafist var handa við að vinna þessi próf í október 2015. Fyrsti hluti þessara prófa er nú tilbúinn til notkunar ásamt lesifimiviðmiðum fyrir 1.–10. bekk grunnskóla. Próf og viðmið fyrir lesskilning og ritun verða fullbúin í árslok 2018. Ýmist er um stöðupróf eða skimanir að ræða. Lesfimiprófin snúa að umskráningu eða sjálfri lestrartækninni. Hér er um að ræða lesfimipróf, sem má segja að séu grunnprófin, síðan eru það svonefnd hliðarpróf, sem meta þætti sem allir tengjast eða hafa áhrif á lestrartæknina. Hliðarprófin eru: próf í sjónrænum orðaforða, próf í orðleysulestri og nefnuhraðapróf. Þau eru stöðluð fyrir þrjú fyrirlagnatímabil september, janúar, og maí. Í framtíðinni munu kennarar fá niðurstöður prófanna rafrænt strax eftir að fyrirlögn og innsætti er lokið.

4. Einstaklingsáætlun

Í október er prófið Leið til læsis lagt fyrir nemendur í 1. bekk. Sérkennari sendir niðurstöður til allra foreldra. Þeir foreldrar sem eiga börn í einhverri áhættu (1, 2 eða í óvissu) fá sent sérstakt bréf um það sem þarf að vinna með barninu heima. Foreldrar fá leiðbeiningar frá sérkennara um það hvernig er hægt að efla t.d. hljóðkerfisvitund o.fl.

LOGOS er lagt fyrir nemendur í 6. bekk í október og fyrir nemendur í 3. bekk í febrúar. Sex-átta vikna íhlutun fer af stað hjá þeim nemendum sem lenda undir 30. röð. Íhlutun er samvinna milli heimilis og skóla og eru það sérkennarar sem fylgja því eftir að foreldrar fái leiðsögn um hvernig fylgja eigi eftir einstaklingsáætluninni heima.

4.1 Nemendur sem fá einstaklingsáætlun í lestri

Í hverjum árgangi er að finna nemendur sem sækist lestrarnám hægar en öðrum. Giljaskóli styðst við ný lesfimi viðmið Menntamálastofnunar. Það er mikilvægt að kennarar geri áætlun til að efla hraða þeirra nemenda sem ekki ná viðmiðum lesfimiþrepa MMS í raddlestrarprófi. Þeir nemendur sem ekki ná viðmiði í raddlestrarprófi miðað við lesfimiþrep MMS fá einstaklingsáætlun. Einstaklingsáætlun miðast við hvar nemandinn er staddur í lesfimiþrepinu. Íhlutun í skóla og heima fer af stað hjá nemendum sem eru 1-3 þrepum fyrir neðan viðmiðunarþrep. Nemendur sem mælast einu þrepi undir viðmiðunarþrepi þurfa aukna lestrarþjálfun heima. Þess er gætt að viðbótarheimavinna taki ekki lengur en 10-15 mínútur á dag á meðan verið er að vinna í að ná upp hraðanum í lestri. Í 1.-3. bekk fara nemendur til sérkennara ef niðurstöður úr lesfimiþrófi eru undir meðallagi. Í flestum tilvikum þarf einnig að fara fram aukin lestrarþjálfun heima. Slík einstaklingsáætlun er gerð í samráði við sérkennara.

4.1.1 Aðgerðaráætlun Giljaskóla

Nemendur sem ekki ná viðmiðum á lesfimiþrófi

Þrepi fyrir neðan æskilegt viðmið	Tveimur þrepum fyrir neðan æskilegt viðmið	Þremur þrepum fyrir neðan æskilegt viðmið
(Aukinn) heimalestur.* Lesið fyrir kennara/starfsmann skólans 1x á dag.	Aukinn heimalestur.* Lesið fyrir kennara/starfsmann skólans 1x á dag.	Aukinn heimalestur. Lesið fyrir kennara/starfsmann skólans 1x á dag. ATH með (frekari) greiningar. Sérkennsla/þjálfun hjá kennara

*Snemmtæk íhlutun (nem. í 1.-3. bekk sem eru 1-3 þrepum fyrir neðan æskilegt viðmið fara einnig til sérkennara).

5. Birting á niðurstöðum lesfimiþrófa

Þegar yfirferð á lesfimiþrófum er lokið birtist atkvæðafjöldi/orð á mínútu inni á verkefnabók í Námfús. Á yngsta- og miðstigi fá nemendur sjónrænan vitnisburð, súlurit sem sýnir atkvæði/orð á mínútu. Viðmið frá Menntamálastofnun um orð á mínútu skulu skráð með til viðmiðunar.

Við lokamat að vori er ekki gefin sérstök einkunn í lestri. Einungis verða skráð atkvæði/orð á mínútu og umsögn.

Menntamálastofnun er að gera tillögu um hvernig niðurstöðum skuli skilað til foreldra.